

L Ö G

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

13. gr. orðist svo:

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar samkvæmt lögum þessum eru:

a) sýslumenn og bæjarfógetar, yfirborgarfógetinn í Reykjavík og lögreglustjórar utan Reykjavíkur. Enn fremur annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar í umboði framangreindra embættismanna og eftir ákvörðun þeirra dómara og löggiltir fulltrúar við embætti þeirra, svo og aðrir fulltrúar þeirra eftir ákvörðun dómsmálaráðuneytisins,

b) hreppstjórar. Nú eru sýslumaður og hreppstjóri búsettir á sama stað, og skal þá sýslumaður vera kjörstjóri,

c) skipstjórar á íslenskum skipum í millilandasiglingum og á fjarlægum miðum,

d) forstöðumenn sendiráða og fastanefnda hjá alþjóðastofnunum og sendiráðismenn. Aðrir sendierindrekar annast og atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eftir ákvörðun utanríkisráðuneytisins. Enn fremur fara kjörráðismenn með atkvæðagreiðslu utan kjörfundar samkvæmt ákvörðun utanríkisráðuneytisins, og skal utanríkisráðuneytið auglýsa fyrir hverjar kosningar, hverjir kjörráðismenn verða kjörstjórar.

Ef kjörstjórar eru í framboði, skulu þeir víkja sæti og varamenn gegna störfum þeirra. Fulltrúar sýslumanna og bæjarfógeta, yfirborgarfógeta í Reykjavík og lögreglustjóra utan Reykjavíkur skulu vera varamenn þeirra, en sýslumenn skipa varamenn hreppstjóra. Fyrsti stýrimaður skal vera varamaður skipstjóra. Ekki má utankjörfundaratkvæðagreiðsla fara fram á heimili frambjóðanda.

2. gr.

63. gr. orðist svo:

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er því aðeins gild, að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosning fari fram:

a) í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta, borgarfógeta í Reykjavík eða lögreglustjóra utan Reykjavíkur,

b) í skrifstofu eða á heimili hreppstjóra,

c) um borð í íslensku skipi, þar sem skipstjóri hefur fengið afhent kjörgögn samkvæmt 48. gr., enda sé þá kjósandinn skrásettur á skipinu,

d) í skrifstofu sendiráðs, fastanefndar eða sendiráðisskrifstofu, svo og í skrifstofu kjörráðismanns, sem er kjörstjóri samkvæmt 13. gr.

Kjörstjóra samkvæmt a- og b-lið 1. málsgr. 13. gr. er enn fremur heimilt að láta kosningu fara fram á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra, enda sé kjósandi sjúkl-ingur eða vistmaður á stofnuninni.

Kjörstjóri samkvæmt a- og b-lið 1. málsgr. 13. gr. auglýsir á þann hátt á hverjum stað, sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar, hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram. Atkvæðagreiðsla í sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldraðra skal fara fram á þeim tíma, sem kjörstjóri ákveður, að höfðu samráði við stjórn við-

komandi stofnunar, samkvæmt nánari reglum, sem dómsmálaráðuneytið setur. Utanríkisráðuneytið auglýsir, hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram hjá kjöræðismönnum, sem eru kjörstjórar samkvæmt 13. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.